



Velferðarnefnd Alþingis
b.t. nefndasvid@althingi.is
Alþingi
101 Reykjavík

Reykjavík, 27. nóvember 2013
1311157/0.1.2/gg

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um byggingu nýs Landspítala, 10. mál.

Landlæknir fagnar ofangreindri þingsályktunartillögu og telur hana mikilvægt framlag til að styðja við að landsmenn njóti heilbrigðisþjónustu sem stenst samanburð við nágrannaþjóðir okkar.

Í greinargerð með ofangreindu frumvarpi er lýst þeirri miklu vinnu sem fram hefur farið nú þegar í tengslum við hönnun endurbýggðs Landspítala (LSH) svo og varðandi framkvæmd verksins.


Landlæknir telur öll rök hníga til þess að hefja sem fyrst uppbyggingu LSH á grunni þeirra tillagna sem liggja nú þegar fyrir. Landlæknir byggir niðurstöðu sína m.a. á eftirfarandi atriðum:

1. Til þess að unnt sé að veita örugga og góða heilbrigðisþjónustu þarf að fara saman háskólasjúkrahús sem samræmist kröfum og þörfum nútímans og einnig góðir og hæfir starfsmenn. Það er mat landlæknis að bygging nýs Landspítala sé nauðsynleg forsenda fyrir því að snúa megi við þeim atgerfisflótta sem nú vofir yfir honum og heilbrigðisþjónustunni almennt.
2. Aðkoma fjölmargra almennra starfsmanna LSH að hönnunarvinnu nýs Landspítala var mikil og metnaðarfull. Sú vinna hefur stutt þá í þrengingum liðinna ára í von um að áform um eflingu og uppbyggingu LSH gengju eftir. Það er því brýnt að ákvörðun liggja fyrir sem fyrst um hvernig stjórnvöld muni standa að uppbyggingu LSH til framtíðar.
3. Öflugur Landspítali er ein lykilforsenda þess að íslensk heilbrigðisþjónusta haldi áfram að vera meðal þess besta sem gerist í viðmiðunarlöndum. Í Euro Health Consumer Index (EHCI) eru notaðir 42 gæðavísar til að bera saman heilbrigðisþjónustu 34 Evrópulanda. Þessir gæðavísar taka til: 1. Réttinda sjúklinga og upplýsingagjafar til þeirra; 2. Aðgengis að þjónustu; 3. Árangurs; 4. Fyrirbyggjandi aðgerða og útbreiðslu þjónustu; og 5. Lyfja. Undanfarnir ár hefur Ísland verið í 3ja sæti. Í þeim samanburði og öðrum sambærilegum er framlag Landspítala mikilvægt. Því er nauðsynlegt að standa vörð um og efla starfsemi LSH til framtíðar svo hann standi undir þeim kröfum sem landsmenn gera kröfu um. Án aðgerða í dag er ekki hægt að tryggja áframhaldandi góðan árangur heilbrigðisþjónustunnar sem stenst samanburð við Norðurlöndin (<http://nomesco-eng.nom-nos.dk/filer/publikationer/Helsstat%202011.pdf>), ECHI (<http://www.healthpowerhouse.com/files/ehci-2012-press-iceland.pdf>), OECD (<http://www.oecd.org/health/health-systems/health-at-a-glance.htm>) eða aðrar sambærilegar athuganir.

4. Af umræðu um núverandi heilbrigðisþjónustu er ljóst að landsmenn leggja mikla áherslu á gæði og öryggi hennar. Hvergi er flækjustig hennar meira en á Landspítalanum. Ef halda á óbreyttum kröfum um gæði og öryggi gegnir Landspítali lykilhlutverki. Með vaxandi sérhæfingu og framþróun verður það erfitt og jafnvel ógerlegt að standa undir þeim væntingum og kröfum ef starfsemi spítalans heldur áfram að fara fram við lítt breyttan eða óbreyttan húsakost og á mismunandi stöðum í borginni.
5. Óbreytt staðsetning starfseminnar kallar á mikla flutninga sjúklinga milli staða. Staðfest er í mörgum vísindarannsóknnum að flutningar sjúklinga milli meðferðareininga auka hættu á mistökum eða því að eitthvað misfarist í meðferð. Þær hafa jafnframt sýnt fram á að þeim mun fyrr sem sjúklingur kemst í meðferð á réttum stað þeim mun betri er lifun sjúklinga. Hönnun nýs Landspítala tekur á þessu atriði. Stefnt er að því að legusjúklingar verði vistaðir í eins manns herbergjum þar sem gert er ráð fyrir að öll meðferð fari fram og minnki eða geri flutning sjúklinga milli meðferðastaða þar með óþarfan. Á þann hátt eru forsendur til að auka enn gæði og öryggi veittrar þjónustu á LSH. Þessu verður ekki viðkomið í óbreytti húsnæði spítalans.
6. Vaxandi ónæmi sýkla fyrir sýklalyfjum er stórt og ógnvekjandi vandamál eins Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur ítrekað bent á og ógnin er vaxandi. Góð aðstaða til að einangra sjúklinga er forsenda þess að ná megi árangri í því að hefja útbreiðslu þeirra. Einstaklingsherbergi eins og gert er ráð fyrir í hinum nýja Landspítala er ein forsendna þess að það geti tekist. Leiða má líkur að því að alónæmi sýkla verði ein helsta heilbrigðisvá innan mjög fárna ára, en að því er vikið í umsögn EHCI um Ísland.

Landlæknir er reiðubúinn að ræða frekar nauðsyn byggingar nýs Landspítala sé þess óskað.

Virðingarfyllt



Geir Gunnlaugsson
landlæknir